# Fundargerð skólaráðs Hraunvallaskóla

**Dags: 23.10. 2026. Fundur skólaráðs haldinn á fundarherbergi skólans frá kl. 8:15-9:30.**

**Mættir: Lars Jóhann Imsland, Aðalbjörg Sigurðardóttir, Margrét Lára Guðmundsdóttir, Jenný Ósk Óskarsdóttir, Arnbjörg Mist Ásgeirsdóttir, Sigfríð Andradóttir, Jessica Sól Hauser Helgudóttir, Sigríður Harpa Hannesdóttir (fjarverandi), Ísafold Breiðfjörð Sigurvinsdóttir og Hafdís Sigurðardóttir.**

**Dagskrá:**

1. **Umfjöllunum skólanámskrá og starfsáætlun Hraunvallaskóla**
   Skólaráð staðfesti umfjöllun á skólanámskrá og starfsáætlun fyrir skólaárið 2026-2027. Skólanámskrá og starfsáætlun má finna á heimasíðu skólans. Staðfesting skólaráðs ásamt viðeigandi skjölum bíða nú staðfestingar fræðsluráðs Hafnarfjarðar.

2. **Skólalóð**
   Skólaráð tók til umfjöllunar atriði sem snúa að leiksvæði og lóð skólans. Búið er að fjarlægja lausar kennslustofur (Glæsivellir) sem voru á leiksvæði. Framundan er frágangsvinna og tiltekt á svæðinu sem húsin voru á. Ekki liggur fyrr hvað eigi að koma á svæðið þar sem húsin voru en vilyrði um körfuboltavöll var gefið fyrir margt löngu. Skólastjóri mun fylgja málinu eftir.
   Rætt var um vatnssöfnun og pollamyndum á lóðinni þegar vætusamt er. Laga á poll sem myndast í öðru porti skólans en ekki liggur fyrir að meira verði gert í bili hvað þetta varðar. Grjótsöfnun er til vandræða á skólalóðinni en starfsmenn eru að bregðast við eins og kostur er.

3. **Foreldrasamstarf**
   Skólaráð ræddi árgangasíður á Facebook en skólinn hefur tekið ákvörðun um að loka þeim síðum sem hann hefur stofnað. Skólaráð tók undir mikilvægi þess að loka síðunum. Bekkjartenglar munu stofna sínar eigin síður kjósi þeir svo en skólinn og starfsmenn hans munu ekki hafa neina aðkomu að þeim síðum.
   Búið er að halda bekkjartenglafund sem heppnaðist vel og framundan er jólakaffihús (3. des.) sem stjórn og bekkjartenglar í 10. bekk sjá um að mestu leyti.

4. **Önnur mál**
   Fulltrúi nemenda bar upp erindi um hvort nemendur mættu vera með bakarí einu sinni eða tvisvar í hverjum mánuði. Hugmyndin er að selja snúða og annað kruðerí í samvinnu við Mosann. Skólaráð lagði til að nemendur myndu úrfæra hugmyndina betur og kynna á næsta skólaráðsfundi.

*Fundargerð ritaði Lars Jóhann Imsland*